

Vikufréttir

Vika 16(19.04.2021 – 23.04. 2021)

Mánudagur

- ✓ Morgunmatur hefst á ný
- ✓ Vorskóla frestað
- ✓ Stigsfundur á miðstigi kl. 14:30

Þriðjudagur

- ✓ Skólapúls 8.b kl. 10:40
- ✓ Skólapúls 6.b kl. 12:50

Miðvikudagur

- ✓ Skólapúls 7.b kl. 8:30
- ✓ Skólapúls 9.b kl. 10:15

Fimmtudagur

- ✓ **Sumardagurinn fyrsti**

Föstudagur

- ✓ Skólapúls 10.b kl. 8:30

Spakmæli:

„Lífið þitt er í raun ekki þitt ef þú hugsar stöðugt um það hvað öðrum finnst um það“

Annað:

Eftir að ný sóttvarnarreglugerð tók í gildi munum við byrja mánudaginn 19.apríl aftur með morgunmat í Salnum.

Sumardagurinn fyrsti

Einnig kallaður *Yngismeyjardagur*, er fyrsti dagur Hörpu, sem er fyrstur af sex sumarmánuðum í gamla norræna tímatalinu. Sumardaginn fyrsta ber alltaf upp á fimmtudag á tímabilinu frá 19.-25. apríl (það er fyrsta fimmtudag eftir 18. apríl). Sumardagurinn fyrsti var lengi messudagur eða til 1744.

Íslensk þjóðtrú segir að ef sumar og vetur *frjósi saman* boði það gott sumar, en með því er átt við að hiti fari niður fyrir frostmark aðfararnótt sumardagsins fyrsta. Í *Sögu daganna - hátíðir og merkisdagar* (bls. 50, 2. útg., 1977) eftir Árna Björnsson, þjóðháttufræðing, segir um sumardaginn fyrsta:

Hvarvetna var fylgst með því, hvort frost væri aðfararnótt sumardagsins fyrsta, þ.e. hvort saman frysti sumar og vetur. Yfirleitt var það talið góðs viti og jafnvel álitid að rjóminn ofan á mjólkurtrogunum yrði jafn þykkur og ísskánin á vatninu þessa nótt. Í því skyni settu menn skál eða skel með vatni út um kvöldið og vitjuðu svo eldsnemma morguns.

Hvað átt er við með *góðu sumri* í þjóðtrúnni er nokkuð á reiki, en hugsanlega er einkum átt við að nyt búpenings verði góð, sem verður þegar taðan er kjarnmikil. Ef engjar og tún eru seinsprottin verða hey oft kjarngóð og því ætti nytin einnig að verða góð. Slíkt gerist þegar svalt er og vott framan af sumri, en síðan hlýrra og þurr og kann þjóðtrúin að vísa til þess að þegar vorið er kalt þá er oftast frost á sumardaginn fyrsta sem leiðir líkum að því að sumarið verði seinna á ferðinni. Þá er allur gróður einnig seinni að taka við sér, en það gerir grösín kjarnbetri og bætir nyt búpenings.

Tekið af wikipedia

Úgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Guðdís Jónsdóttir